15 27. mars

Íslenskrar stafsetningarbókar eftir Björn Jónsson, þangað til út verða gefnar ítarlegri reglur fyrir hinni fyrirskipuðu stafsetningu, og stafsetningarbók samkvæmt henni er út komin.

Þetta er hjer með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins 27. mars 1918.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.

16 30. mars

Reglugjörð

til bráðabirgða um, hvernig málefnum þeim, er hingað til hafa heyrt undir bæjarfógetann í Reykjavík, skuli skift á bæjarfógetaembættið og lögreglustjóraembættið í Reykjavík, eins og þau embætti verða 1. apríl 1918 samkvæmt lögum nr. 26, 26. okt. 1917.

I.

Bæjarfógetaembættið.

Bæjarfógetaembættinu fylgja þau störf, er hjer segir:

Dómsmál.
Skiftamál.
Fógetagjörðir.
Uppboð.
Dómkvaðning manna og skipun utan rjettar.
Þinglýsingar.
Notarialgjörðir.
Skipun þeirra opinberra starfsmanna, sem hingað til hafa verið skipaðir af bæjarfógeta.
Borgaraleg hjónavígsla.
Hjónaskilnaðarmál að því leyti er koma til sýslumanna.
Yfirfjárráð ólögráðra.
Dómsmála-, skifta- og yfirfjárráðaskýrslur.
Strandmál.

Kosningar til Alþingis. **16**
Umsjón hegningarhússins. 30. mars
Veiting eða afhending leyfisbrjefa og skírteina, svo sem hingað til, nema verslunarleyfisbrjefa og skírteina samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar.

II.

Lögreglustjóraembættið.

Lögreglustjóraembættinu fylgja eftirnefnd störf:

Lögreglustjórn.
Heilbrigðismál.
Tollgæsla og innheimta á tollum og sköttum til landssjóðs og á ellistyrktarsjóðsgjöldum.
Afgreiðsla skipa og innheimta skipagjalda.
Firmaskrásetning.
Mæling og skrásetning skipa.
Lögskráning skipshafna.
Vegabrjef.
Innheimta og athugun verslunarskýrslna.
Afgreiðsla verslunarleyfisbrjefa og skírteina samkvæmt lögum um atvinnu við siglingar.
Skýrslur um ellistyrktarsjóð.
Hlunninda- og aflaskýrslur.
Manntal í Reykjavík.

Þau störf, sem bæjarfógetinn í Reykjavík hingað til hefir haft með höndum og eru ekki sjerstaklega nefnd hjer að framan, hverfa undir lögreglustjóra. Verði ágreiningur milli bæjarfógeta og lögreglustjóra út af skifting starfanna, sker stjórnarráðið úr.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt 4. gr. laga nr. 26, 26. okt. 1917, um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík og um stofnun sjerstakrar tollgæslu í Reykjavíkurkaupstað.

Dóms- og kirkjumáladeild stjórnarráðsins, 30. mars 1918.

Jón Magnússon.

G. Sveinbjörnsson.